

**Símenntun
á Vesturlandi**

**ÁRSSKÝRSLA
2025**

FAGMENNSKA - FRAMSÆKNI - SVEIGJANLEIKI

ÁRSSKÝRSLA SÍMENNTUNAR Á VESTURLANDI 2025

Ritstjóri: Björgvin Þór Þórhallsson, verkefnastjóri

Ábyrgðarmaður: Guðrún Vala Elísdóttir, framkvæmdastjóri Símenntunar

Umbrot og uppsetning: Nýprent ehf.

Starfsfólk Símenntunar eru höfundar efnis.

Myndir fengnar héðan og þaðan úr starfinu.

www.simenntun.is

EFNISYFIRLIT

Formannspistill	4
Símenntun á Vesturlandi	6
Stjórn	
Aðalfundur 2025	
Starfsfólk	
Símenntun: tilgangur og markmið	8
Verktakar	
Starfsstöðvar	
Símenntun starfsfólks og fyrirtækjaheimsóknir	
Haustfundur Símenntar, haldinn í Borgarbyggð	
Markaðsáherslur og kynningarstarf 202	11
Stafræn markaðssetning – Morgunkaffi á TEAMS	
Íslenskuátak– „Hér er töluð allskonar íslenska“	
Varðveisla gagna	
Kennslu- og nemendabókhaldskerfi INNA	
Starfsemin í tölum	13
Reksturinn	
Rekstur Símenntunar frá 2019 til 2025	
Tekjur	
Útgjöld	
Skipting tekjuliða 2023-2025	
Tölfræði úr starfinu	
Samstarfsaðilar	17
Barna - og menntamálaráðuneytið	
Viðurkenning fræðsluaðila	
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	
Fræðslusjóður	
Nýsköpunar- og þróunarverkefni á vegum Fræðslusjóðs	
Ríkismennt	
Fjölmennt	
Starfsendurhæfing Vesturlands	
FABLAB	
Verkefni	20
Náms- og starfsráðgjöf	
Markmið náms- og starfsráðgjafar	
Einstaklingurinn í fyrirrúmi	
Á staðnum eða á fjarfundi	
Af erlendum uppruna	
Náms- og starfsráðgjöf - tölfræði	
Raunfærnimat	23
Raunfærnimat í verslun	
Raunfærnimat í búfræði	
Raunfærnimat í kerfisstjórnun	
Raunfærnimat í þjónustugreinum	
Raunfærnimat í sjúkraliða	
Raunfærnimat – tölfræði 2025	
Námskeið um framkvæmd raunfærnimats	
Anna Kristín og raunfærnimatið	26
Að hafa trú á sjálfum sér	
Kveikt í neistanum	
Nám og námskeiðahald	27
Íslenski hæfniramminn um íslenska menntun	
Hæfnigreiningar starfa	
Vottaðar námsleiðir sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu	
Yfirlit yfir vottaðar námsleiðir árið 2025	
Nám fyrir fólk með fötlun	
Málþjálfaverkefnið	
Nám í stóriðju: Stóriðjuskóli Norðuráls	
Fjölmenningarskóli Vesturlands	
Fræðsla	
Íslenska fyrir erlenda nemendur	
Námskeið fyrir erlenda skiptinema	
Fyrirtækjaþjónusta	
Fræðslustjóri að láni	
Þjónusta við fjarnema	34
Prófaaðstaða	
Dvalarheimilið Höfði og fræðslustjóri að láni	
Hverjar eru þarfirnar?	
Símenntun er nauðsynleg	
Opnaði augu mín	37
Liv Aase Skarstad sat námskeið í fjölmenningarfærni haustið 2025	
ÍA með frumkvæðið	
Staðalmyndirnar liggja djúpt	
Heldur umræðunni lifandi	
Innlend samstarfsverkefni	38
Vinnumálastofnun – atvinnuleitendur	
Rauði kross Íslands	
Þekking á skyndihjálpi eykur öryggi í samfélaginu	39
Árný Helgadóttir	
Samfélagið að vakna til vitundar	
Þegar mínútur skipta máli	
„Var að versla í jólamatinn í Hagkaup, þegar vatt sér að mér kona“	
Erlend samstarfsverkefni	40
Eco Social Agency	
Framhaldsfræðslan -ýmis fróðleikur	41
Samtök í fullorðinsfræðslu	
Símennt, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva	
Leikn	
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	
Gáttin	
Næsta skref	
European Association for the Education of Adults	
Nordic Netværk for Livslang Læring	
Epale -Vefgátt fullorðinsfræðslu í Evrópu	
Frá framkvæmdastjóra	45

Formannspistill

„Nám er samfelld ferli sem hættir aldrei á meðan við erum til“

Markmið Símenntunar á Vesturlandi er að styðja og efla fræðsluþjónustu fyrir samfélagið á Vesturlandi. Í því felst að veita trausta þjónustu og vera í stöðugri framþróun, leggja mikla áherslu á raunfærnimat, efla mannauð starfsmanna og þekkingu þeirra í gegnum alþjóðlegt samstarf og leiða nýsköpunarverkefni, svo sem að þjálfa starfsmenn á vinnustöðum til að leiðbeina samstarfsfólki af erlendum uppruna í íslensku.

Hugmyndin um símenntun og mikilvægi hennar og gildi fyrir alla hefur breyst undanfarna áratugi og hugmyndin um að námi ljúki við útskrift úr skóla er sem betur fer að heyra sögunni til. Símenntun (eða ævilangt nám) er ekki bara nauðsynleg í heimi sem breytist hratt heldur líka lykill að andlegri heilsu og félagslegri virkni. Ég held mikið upp á John Dewey sem var bandarískur heimspekingur og menntafrömuður en hann taldi að nám væri ekki undirbúningur fyrir lífið heldur væri menntun lífið sjálft. Þessi tilvitnun minnir okkur á að nám er samfelld ferli sem hættir aldrei á meðan við erum til.

Það er til marks um breyttar hugmyndir varðandi símenntun að nú er ekki aðeins verið að tala um fólk á miðjum aldri sem hefur verið lengi á vinnumarkaði og þurfi símenntun heldur er farið að tala um símenntun fyrir unga fólk. Fyrir stuttu var ég á málþingi þar sem verið var að ræða þörf unga fólksins fyrir símenntun. Þarna var m.a. rætt um Zeta- og Alfa-kynslóðirnar en það eru tvær yngstu kynslóðirnar sem oft er talað um í samfélagsfræðum. Til útskýringar þá er Alfa-kynslóðin fædd um það bil 2010–2024. Þetta eru börnin sem eru í leik- og grunnskóla og er fyrsta kynslóðin sem er alin upp með snjalltækjum, jafnvel frá fæðingu og sennilega verða þau best menntuðu einstaklingarnir hvað



Hrafnhildur Hallvarðsdóttir.

varðar tækni hingað til. Zeta-kynslóðin er fædd um það bil 1997-2012. Þessi kynslóð er unga fólkið í dag, þau eru framhaldsskólanemar, háskólanemar og ungt fólk á vinnumarkaði. Þetta er fyrsta kynslóðin sem ólst upp við Internetið og snjallsíma sem eðlilegan hluta daglegs lífs.

Alfa- og Zeta-kynslóðirnar þurfa símenntun sem sameinar stafræna hæfni, skapandi hugsun og sterka mannlega samskiptafærni. Z-kynslóðin þarf helst að efla gervigreindarlæsi, gagnrýna heimildavinnu, fagleg samskipti ásamt sveigjanlegum, stuttum námsleiðum. Alfa-kynslóðin þarf þjálfun í skapandi tækni, forritun, hönnunarhugsun, vellíðan og félagsfærni ásamt frumkvöðlahugsun og lausnamiðaðri vinnu. Báðar kynslóðir þurfa því símenntun sem styrkir sjálfstæði, ábyrgð, gagnrýna hugsun og færni til að vinna með tækni á skapandi og öruggan hátt.

Ef þessi spá reynist rétt er nokkuð ljóst að þörfin fyrir símenntun mun aukast á næstu árum og örugglega mun eftirspurn eftir símenntun breytast og hlutverk símenntunarmiðstöðva breytist enn frekar.

Eins og fyrri ár í sögu Símenntunar á Vesturlandi þá einkenndist árið 2025 af nýsköpun og fjölbreyttu námsframboði. Starfsemin var afar kraftmikil og hefur reksturinn gengið vel og það má sjá að þjónusta Símenntunar við samfélagið á Vesturlandi er í stöðugri og jákvæðri framþróun.

Ég vil, fyrir hönd stjórnar Símenntunar, þakka fyrir samstarfið á liðnu ári og þakka Guðrúnu Völu Elísdóttur framkvæmdastjóra Símenntunar og starfsfólki hennar fyrir vel unnin störf og hvet þau til að halda áfram góðum verkum á sviði símenntunar.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður stjórnar Símenntunar á Vesturlandi.



Símenntun á Vesturlandi

Stjórn

Í stjórn Símenntunar á Vesturlandi sitja fimm aðalmenn og fimm til vara. Skipun stjórnar er til tveggja ára og eru kosin á víxl fulltrúar fjölbrautaskóla og háskóla á móti fulltrúum atvinnulífs, sveitarfélaga og stéttarfélaganna.

Svona er stjórn Símenntunar skipuð 2025:

Aðalfulltrúar:

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Áshildur Bragadóttir, Landbúnaðarháskóli Íslands
Jóhanna María Sigmundsdóttir, Dalabyggð
Vignir Smári Mariásson, Verkalúðsfélag Snæfellinga
Alexander Kristinsson, Sjávariðjan

Varafultrúar:

Bragi Þór Svavarsson, Menntaskóli Borgarfjarðar
Álfheiður Eva Óladóttir, Háskólinn á Bifröst
Hlöðver Ingi Gunnarsson, Borgarbyggð
Kristín Kristjánsdóttir, Stéttarfélag Vesturlands
Rósa Guðmundsdóttir, G.Run

Stjórn hélt alls fjóra fundi á árinu og fjallaði m.a. um starfsáætlun, fjárhagsáætlun og ársreikninga fyrir árið 2025. Á fundunum var einnig farið yfir rekstur, stöðu verkefna, starfsmannamál og ýmsar hugmyndir. Allar fundargerðir er að finna á heimasíðu Símenntunar.

Aðalfundur 2025

Aðalfundur Símenntunar var haldinn á Hótel Hamri miðvikudaginn 26. mars. Líkt og áður var aðalfundurinn haldinn sameiginlega með öðrum stofnunum á Vesturlandi. Á fundinum var farið yfir ársskýrsluna fyrir árið 2024 og endurskoðaðan ársreikning. Framkvæmdastjóri Símenntunar, Guðrún Vala Elísdóttir sagði frá starfsemi og gerði grein fyrir ársreikningi. Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri í Grundarfirði var fundarstjóri.



Frá aðalfundinum 26. mars 2026.

Starfsfólk

Hjá Símenntun á Vesturlandi störfuðu sjö starfsmenn á árinu 2025. Stöðugildi voru 4,40.

Guðrún Vala Elísdóttir, framkvæmdastjóri og náms- og starfsráðgjafi 100%

Ívar Örn Reynisson, verkefnastjóri 100%

Jovana Pavlovic, fjölmeningarfulltrúi og verkefnastjóri 100%

Hekla Gunnarsdóttir, verkefnastjóri 100%

Sigurgeir Viktorsson, bókarari 25%

Sunna Rós Þorsteinsdóttir, aðalræstitæknir 15%



Starfsfólk Símenntunar á Vesturlandi í lok árs 2025. Á myndina vantar Sunnu Rós.

Um Símenntun: tilgangur og markmið

Eins og kemur fram í skipulagsskrá Símenntunar er megin markmiðið að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf með endur- og símenntun sem tekur mið af þörfum atvinnulífs og einstaklinga. Nánar um markmið Símenntunar má lesa hér [Skipulagsskrá | Símenntun á Vesturlandi](#)

Aðalmarkhópur Símenntunar er fullorðið fólk sem hefur ekki lokið formlegri menntun. Framboð Símenntunar á fræðslu er fjölbreytt og nær til markhópsins auk margra annarra hópa samfélagsins. Starfsemi Símenntunar gerir henni kleift að takast á við áskoranir framtíðarinnar og mæta þörfum ólíkra hópa í síbreytilegu samfélagi, með fjölbreyttu námskeiðahaldi, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimati og öðrum innlendum og erlendum verkefnum.

Verktakar

Auk fastráðinna starfsmanna störfuðu tæplega sjötíu verktakar hjá Símenntun á árinu, við kennslu, ráðgjöf og önnur verkefni. Stór hluti af starfseminni byggir á vinnu verktaka, þeir kenna á námskeiðum og í lengri námsleiðum, vinna við ráðgjöf, eru matsaðilar í raunfærnimati og sjá um verkefnastjórnun og þróunarverkefni.

Starfsstöðvar

Símenntun starfrækir tvær starfsstöðvar, á Akranesi og í Borgarnesi. Húsnæðið á Akranesi er á Smiðjuvöllum 28, á sama stað og Vinnumálastofnun og Starfsendurhæfing Vesturlands en báðar stofnanir eru mikilvægir samstarfsaðilar Símenntunar. Staðsetningin er því mjög hentug fyrir starfsemina auk þess sem rýminu fylgir kennslustofa til afnota. Það skiptir miklu máli að hafa stöðugt aðgengi að kennsluáðstöðu fyrir námskeið og próftökur. Á Smiðjuvöllum eru tvær skrifstofur, rúmgóð kennslustofa, viðtalsherbergi, tvö salerni og eldhúskrókur og er allt hannað í takt við þarfir Símenntunar. Húsnæðið á Akranesi er leigt af Línuvélum ehf.

Í Borgarnesi leigir Símenntun kennslustofu og skrifstofurými að Bjarnarbraut 8 af félaginu Ben og félagar ehf. Þar er rúmgóð kennslustofa og skrifstofur.

Símenntun starfsfólks og fyrirtækjaheimsóknir

Símenntun hefur fengið styrki til starfsþróunar starfsfólks og hefur starfsfólk sótt námskeið og ráðstefnur í Evrópusambandsríkjum og á Norðurlöndunum. Starfsþróunarmarkmið Símenntunar snúa að eftirfarandi: menningarfærni, gervigreind, félags- og vistfræðileg færni og nám eldri borgara.

Símenntun á Vesturlandi hefur svokallað accreditation eða aðild að Erasmus+ sem auðveldar Símenntun að sækja um alla styrki á vegum Erasmus+. Aðildin gildir til ársloka 2027 og verður hægt að sækja um endurnýjun.

Í apríl 2025 fóru þrjár starfskonur Símenntunar í heimsókn til Oslo Voksenopplæring Servicesenter (OVS) til að kynna sér verkefnið Språkmentor. Móttökurnar voru mjög góðar og tók á móti okkur meðal annars íslensk kona sem hefur unnið hjá OVS um árabil. Eftir góða og fræðandi heimsókn í Osló lá leiðin svo á ráðstefnu í Sandefjord sem er bær sem liggur rétt sunnan við Osló.



Sandefjord, Noregi: Vala, Hekla og Jovana.

Þetta var ráðstefnan “Nordisk konferanse om voksnes grunnleggende litterasitet og andrespråklæring”, norræn ráðstefna á vegum Alfaráðsins. Þar hittust fræðimenn, kennarar og stjórnendur til að ræða og deila með sér reynslu um hvernig best sé að kenna fullorðnum, sérstaklega fólki sem er að læra nýtt tungumál eða hefur takmarkaða skólagöngu að baki. Áhersla ráðstefnunnar beindist að tengslum námsleiða við virka þátttöku þátttakenda í samfélaginu, frekara nám og atvinnu. Meginþemað var hvernig „efling“ og „virk þátttaka“ spila saman á margvíslegan hátt við nám í öðru tungumáli og grunnlæsi. Flutt voru erindi um vinnubrögð og kennslufræði í tungumálanámi, kröfur um tungumálakunnáttu og málstefnu. Með þessu var reynt að varpa ljósi á hvernig hægt sé að skapa inngildandi og gott námsumhverfi fyrir fullorðna með takmarkaða formlega menntun.



Frá ráðstefnunni í Sandefjord.

Um sumarið fór einn starfsmaður á samskiptanámskeið í Lissabon í Portúgal og tveir starfsmenn fóru til Barselóna á Spáni, á námskeið um fjölbreytileika, inngildingu og sálrænt öryggi. Þessir viðburðir eru hluti af starfsþróunarmarkmiðum Símenntunar á Vesturlandi innan Erasmus +.



Hér má sjá þátttakendur á námskeiðinu í Barselóna.

Haustfundur Símenntar, haldinn í Borgarbyggð

Haustfundur Símenntar, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, var að þessu sinni haldinn að Hótel Hamri í Borgarnesi dagana 25. og 26. september.

Ríflega sextíu þátttakendur voru á haustfundinum frá fræðslumiðstöðvum landsins. Fundarefni var fjölbreytt; fulltrúar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fjölluðu um þátttöku í námi og ráðgjöf eftir landssvæðum, fulltrúar frá Fjölmennit sögðu frá starfsemi sinni, og ýmis ný verkefni og þróunarverkefni voru kynnt. Eftir fundahöld fyrri daginn var farið í skemmtiferð seinnipartinn og m.a. stoppað við Deildartunguhver þar sem þessi mynd var tekin.



Markaðsáherslur og kynningarstarf 2025

Stafræn markaðssetning – Morgunkaffi á TEAMS

Síðustu tvö ár hefur verið lögð áhersla á að efla stafræna markaðssetningu og nýta samfélagsmiðla og netmiðla betur til að ná til ólíkra markhópa. Á árinu 2025 var sérstök áhersla lögð á viðburðina Morgunkaffi á TEAMS sem var einn stærsti og mikilvægasti þátturinn í markaðs- og kynningarstarfi stofnunarinnar. Um er að ræða röð opinna fræðslufunda á netinu sem fjalla um fjölmeningarmál og eru það sérfræðingar sem sjá um fræðsluna. Fræðsluerindin voru auglýst á samfélagsmiðlum og á heimasíðu Símenntunar. Hlutverk þeirra voru tvíþætt; annars vegar að miðla fræðslu og skapa umræðu og hins vegar að auka sýnileika starfsemi og þjónustu Símenntunar á Vesturlandi. Á árinu 2025 voru haldnir fjórir fyrirlestrar á TEAMS frá kl. 9 -10:10 á morgnana og fjölluðu þeir um menningarnám, inngildingu, stöðu íslenskrar tungu, staðalmyndir og kynþáttafordóma. Sóley Tómasdóttir fjölbreytileikaráðgjafi var með fyrirlestur um menningarnám, Miriam Petra Ómarsdóttir Awad inngildingarfulltrúi hjá Rannís hélt fyrirlestur um inngildingu og Eiríkur Rögnvaldsson fyrrverandi prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands var með erindi um alls konar íslensku. Jovana Pavlovic mannfræðingur og fjölmeningarfulltrúi Símenntunar á Vesturlandi hélt erindi um staðalmyndir og kynþáttafordóma. Morgunkaffið var jafnframt hluti af Fjölmeningarskóla Vesturlands.

MORGUNKAFFI Á TEAMS
Hvað er menningarnám og af hverju skiptir það máli?

Opinn fyrirlestur um menningarnám (cultural appropriation) með Sóleyju Tómasdóttur, jafnréttis- og fjölbreytileikaráðgjafa.

27. febrúar kl. 9-10.10
Skráning fer fram á jovana@simenntun.is eða í síma 437-2394

Logos for JUST, LÖNGARÁTTUN, Sjálfstjórn Væðingaráttun, Stjórnarráð Íslands Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Fjölmeningarskóli Vesturlands, and Símenntun á Vesturlandi.

Auglýsing fyrir fræðsluerindið „Menningarnám“ sem fór fram í febrúar 2025.

Íslenskuátak– „Hér er töluð allskonar íslenska“

Á árinu var einnig unnið að sérstöku stafrænu kynningarátaki undir yfirskriftinni „Hér er töluð allskonar íslenska“. Markmið átaksins var að vekja athygli á fjölbreytileika íslenskrar tungu og hvetja bæði einstaklinga og stofnanir á Vesturlandi til að efla samtal á íslensku.

Í tengslum við átakið var útbúið leiðbeiningarskjal og “Facebook-rammi” og voru þátttakendur hvattir til þess að setja sérstaka forsíðumynd á samfélagsmiðlinum Facebook til stuðnings verkefninu. Þannig gátu bæði einstaklingar og stofnanir sýnt þátttöku sína og stuðning við það sjónarmið að íslenskan tilheyrir öllum sem tala hana, óháð uppruna. Átakið var hluti af Fjölmeningarskóla Vesturlands.

Samhliða stafrænu kynningarstarfi var prentefni dreift víða um Borgarnes, Akranes og á Snæfellsnesi til að auka vitund um starfsemi Símenntunar. Þessi samhliða áhersla á stafræna og staðbundna kynningu hefur smám saman skilað sér í aukinni eftirspurn eftir þjónustu stofnunarinnar.

Varðveisla gagna

Skipulag og varðveisla skjala og annarra gagna er í sífelldri vinnslu og tekur mið af gæðaviðmiðum EQM+ (e. European Quality Management) sem var vottað hjá Símenntun undir lok árs 2023 og verður næsta vottun á árinu 2026. Símenntun hefur sameiginlega vinnuvefgátt þar sem starfsfólk hefur aðgengi að gögnum til vinnslu og vistunar. Vefgáttin er tengd Teams og Planner, áður Office 365 en nú Microsoft 365. Gæðahandbók Símenntunar er á veflægu formi, þannig að allar upplýsingar eru aðgengilegar og starfsfólk meðvitaðra um gæðaviðmið í daglegu starfi. Ennfremur má finna úrbótaáætlun á heimasíðu Símenntunar. Sömuleiðis er unnið að því að skoða eyðingu gagna, þ.e. hvaða gögn þarf að eiga, hverjum þarf að eyða og hvernig á að tryggja að hvort tveggja sé uppfyllt.

Kennslu- og nemendabókhaldskerfi INNA

Allar fræðslumiðstöðvarnar innan Símenntar nota kennslu og nemendabókhaldskerfið INNU, en þetta kerfi er einnig í öllum framhaldsskólum landsins. Vottuðu námsleiðir sem eru kenndar hjá Símenntun, niðurstöður úr viðtölum hjá náms- og starfsráðgjafa og niðurstöður raunfærnimats er allt skráð í INNU. Þetta á að einfalda þeim sem til dæmis fara í gegnum raunfærnimat hjá símenntunarmiðstöðvum, að hafa auðvelt aðgengi að þeim einingum sem fást úr raunfærnimati til styttingar á námi á framhaldsskólastigi á Íslandi.

Önnur námskeið svo sem nám fyrir fólk með fötlun, íslenskunámskeið o.fl. eru jafnframt skráð í INNU til þess að auðvelda yfirsýn og samantekt á fræðslustarfi Símenntunar.



Svava Björg Svavarsdóttir (1965-2025)

Svava Björg Svavarsdóttir vann í 15 ár hjá Símenntun á Vesturlandi. Hún lét af störfum hjá okkur 2019 en var alltaf partur af Símenntunarfjölskyldunni. Svava veiktist alvarlega haustið 2023, og lést 2025.

Við hjá Símenntun minnumst hennar af hlúhug og virðingu.


Minningin lifir.

Starfsemin í tölum



Reksturinn

Símenntun á Vesturlandi er óhagnaðadrifin stofnun (e. non-profit). Hún er á fjárlögum skv. samningi, auk þess sem verkefnatengt rekstrarfé kemur frá Fræðslusjóði framhaldsfræðslunnar. Þetta tvennt er ríflega 60% rekstrartekna á árinu, ívið hærra en undanfarin ár. Skýringin á því er að styrkir fræðslusjóðs hafa verið hærri og betur nýttir. Til styrkja telst jafnframt fjármagn sem kemur frá Fjölmennt – símenntunar og þekkingarmiðstöð fyrir fólk með fötlun, framlag til íslensku fyrir útlendinga auk tekna vegna erlendra verkefna. Á árinu komu inn aðrar tekjur þ.e. vegna sérverkefna, nánar tiltekið vegna fræðslugreininga, fræðslustjóráverkefna, verkefni styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála og Sóknaráætlun, ráðgjafaverkefni fyrir ríkisstarfmenn, auk námskeiðahalds fyrir atvinnulífið og almenning.



Rekstur Símenntunar frá 2019 til 2025



Tekjur



Útgjöld




Skipting tekjuliða 2023-2025




Tölfræði úr starfinu

Á árinu 2025 hélt Símenntun tæplega 100 námskeið víða um Vesturland sem er mjög svipaður fjöldi og árið áður. Þó voru um 350 færri þátttakendur á námskeiðum en árið áður. En ef litið er á myndina hér að neðan, sem sýnir þátttakendur á námskeiðum hjá Símenntun síðastliðin 10 ár, sést að árið 2025 var það þriðja besta af þessu tímabili. Hvort við séum ennþá að vinna niður kúfinn sem safnaðist upp á Covid tímabilinu kemur í ljós á næsta ári en verkefnunum fækkar ekki þótt það geti verið breytilegt milli ára hversu löng námskeiðin og námsleiðirnar eru, og hversu margir sækja þau.




Ef litið er á fjölda heildarfjölda kennslustunda eins og kemur fram á myndinni hér að neðan, sést að kennslustundir í ár eru rúmlega 400 færri en árið áður en þó fleiri en árin þrjú þar á undan. Kennslustundirnar á síðastliðnu ári voru flestar í námsleiðunum eða 776 kennslustundir, næst flestar á íslenskunámskeiðum eða 640 og þar á eftir voru námskeið fyrir fatlaða, fyrirtækjapjónustan og svo fjölmenningskólinn.




Nemendastundirnar á síðasta ári voru einnig færri en árið áður en nemendastundir eru reiknaðar með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði fyrir sig með fjölda þátttakenda. Nemendastundirnar eru flestar í námsleiðunum eða 15.845 og næst flestar á íslenskunámskeiðunum.

Þrátt fyrir samdrátt í kennslustundum og nemendastundum þá er líklegra að það sé bara eðlileg sveifla milli ára þar sem þáttökufjöldinn er nánast sá sami.



Það sem kemur hins vegar ánægjulega á óvart þegar rýnt er í tölurnar frá síðasta ári, er að kynjahlutfall þátttakenda var jafnt eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Konur hafa yfirleitt verið í talsverðum meirihluta en núna var þetta jafnt. Það skal þó tekið fram að kynjahlutfallið var einungis skoðað á námsleiðum, á íslenskunámskeiðum og námskeiðum fyrir fatlaða en námskeið sem eru hluti af fyrirtækjapjónustunni eru þar fyrir utan.



Samstarfsaðilar

Símenntun á Vesturlandi starfar samkvæmt þjónustusamningum við *Barna- og menntamálaráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fjölmenn, símenntunar- og þekkingarmiðstöð* vegna náms fyrir fólk með fötlun, og Ríkismennt vegna náms- og starfsráðgjafar fyrir starfsfólk ríkisstofnana á Vesturlandi.

Barna - og menntamálaráðuneytið

Á árinu fór fullorðinsfræðslan aftur undir Barna- og menntamálaráðuneytið en hafði frá árinu 2021 starfað samkvæmt þjónustusamningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Hlutverk Símenntunar er eins og áður að vinna að markmiðum laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi, greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa laganna. Námsþjónustan, sem skilgreind er í lögum um framhaldsfræðslu, skal veitt og þróuð í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila. Enn fremur kemur fram að Símenntun skuli bjóða upp á fjarnáms- og kennsluaðstöðu á Vesturlandi vegna framhaldsfræðslu og veita nemendum á öðrum skólastigum þá þjónustu eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Viðurkenning fræðsluaðila

Símenntun hefur frá því í nóvember 2024 endurnýjaða viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu, sem gildir til 5. desember 2027. Mennta- og barnamálaráðuneytið mat umsókn og önnur framlögð gögn um starfsemi Símenntunar á Vesturlandi út frá þeim skilyrðum og viðmiðum sem fram koma í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 og taldi fræðsluaðilann uppfylla skilyrði til að hljóta viðurkenningu til að annast framhaldsfræðslu. Á grundvelli þess var Símenntun á Vesturlandi svo veitt viðurkenning til þess að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára. [Stjórnarráðið | Listi yfir viðurkennda fræðsluaðila](#)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er í eigu ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytisins og er samstarfsvettvangur og verkfærasmíðja í fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði. Hlutverk FA er að veita fólki á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína og þróa aðferðir og verkfæri fyrir samstarfsaðila sína.

Allir samstarfsaðilar FA eru viðurkenndir fræðsluaðilar skv. lögum um framhaldsfræðslu 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011. . Þeir hafa allir hlotið [EQM/EQM+ gæðavottun](#).

Hér er vefsíða FA: www.frae.is

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður var stofnaður með setningu framhaldsfræðslulaga og er á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Hlutverk hans er m.a. að stuðla að viðeigandi námstækifærum fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu sem og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri. Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni.

Úthlutanir Fræðslusjóðs skiptast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Símenntun sótti um fjármagn til sjóðsins í vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Úthlutun Fræðslusjóðs til Símenntunar 2023, 2024 og 2025:

Úthlutað 2023	Úthlutað 2024	Úthlutað 2025
27.036.000	25.250.000	27.000.000
10.272.000	11.075.000	9.895.000
9.293.000	11.497.000	11.120.000

Ársskýrslu Fræðslusjóðs og upplýsingar um úthlutanir hans til allra símenntunarmiðstöðva má nálgast hér: <https://frae.is/fraedslusjodur/gogn-um-starfsemi/>

Nýsköpunar- og þróunarverkefni á vegum Fræðslusjóðs

Hlutverk Fræðslusjóðs er, auk þess sem greint er frá að ofan, að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. Sérstök úthlutunarnefnd er á vegum Fræðslusjóðs sem metur umsóknir og ákveður fjárhæð til úthlutunar á hverju ári. Símenntun hefur sótt um styrki úr þessum sjóði en verkefni sem hefur verið sótt um hafa ekki hlotið styrki síðan á árinu 2019.

Upplýsingar um úthlutanir og úthlutunarreglur má nálgast hér:

<https://frae.is/fraedslusjodur/nyskopunar-og-throunarverkefni/>

Ríkismennt

Í kjarasamningi ríkisins og Starfsgreinasambandsins frá 2019, var gerð eftirfarandi bókun sem er enn í gildi:

Samningsaðilar eru sammála um að hrinda þurfi af stað átaki til hvatningar til náms og starfsþróunar hjá félagsmönnum SGS sem starfa á stofnunum ríkisins. Ríkismennt, þróunar og símenntunarsjóður mun hafa veg og vanda af þessu verkefni, t.d með því að styrkja stofnanir í þessari vegferð og með tímabundinni fjármögnun til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum landsins. Ráðgjafar símenntunarmiðstöðva myndu bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf á vinnustað og kynna fyrir starfsmönnum þá kosti sem í boði eru.

Árið 2021 var undirritaður samningur milli Ríkismenntar og Símenntunar á Vesturlandi sem byggir á þessari bókun. Flestir starfsmenn sem heyra undir þennan samning starfa á Heilbrigðisstofnun Vesturlands eða hjá Vegagerðinni. Samningurinn var síðar endurnýjaður, vinna samkvæmt honum hófst árið 2023 og hefur haldið áfram síðan.

Fjölmennt

Símenntun og Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð hafa undanfarin ár gert með sér þjónustusamning um námskeið fyrir fólk með fötlun. Samningur er gerður fyrir eitt ár í senn og er kveðið á um að Símenntun skuli bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi. Leitast skal við að skapa fötluðu fólki á starfssvæði Símenntunar aðstöðu til námskeiða, m.a. til að mæta félagslegum þörfum þeirra.

Starfsendurhæfing Vesturlands

Starfsendurhæfing Vesturlands (StarfVest) var formlega stofnuð 11. desember 2014 og er til húsa á Suðurgötu 57 á Akranesi. Hlutverk hennar er að veita fólki starfsendurhæfingu sem hefur verið utan vinnumarkaðar vegna veikinda, slysa eða annarra aðstæðna og þurft stuðning við endurkomu á vinnumarkaðinn. Fjármögnun StarfVest er eingöngu í gegnum samstarfssamning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð.

Símenntun er stofnaðili að Starfsendurhæfingu Vesturlands og á fulltrúa í stjórn. Aðrir stofnaðilar eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Vinnumálastofnun á Vesturlandi, Verkalýðsfélag Akraness og Stéttarfélag Vesturlands.

Símenntun og Starfsendurhæfingin eru í miklu og góðu samstarfi með námstækifæri, ýmsa fræðslu, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.

Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingu Vesturlands má finna hér: www.starfvest.is

FABLAB

Símenntun tekur þátt í samstarfi um FabLab-smiðju sem húst er í Breið, nýsköpunarsetri á Akranesi. FabLab er smiðja með tækjabúnaði til alls kyns framleiðslu sem gefum ungum sem öldnum færi á að nýta sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum í framkvæmd með því að móta, hanna og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Með þessu samstarfi gefst Símenntun tækifæri til að bjóða upp á námskeið í stafrænni smiðju og stuðla þannig að nýsköpun, og auka framboð og fjölbreytni í námi.

Verkefni

Náms- og starfsráðgjöf

Símenntun á Vesturlandi hefur boðið fullorðnum einstaklingum upp á náms- og starfsráðgjöf frá árinu 2006. Umfang ráðgjafarinnar hefur styrkst og aukist jafnt og þétt með árunum. Ávallt er lögð áhersla á gagnreynda og hlutlausu ráðgjöf sem beinist einna helst að markhópi Símenntunar; fullorðnum einstaklingum með litla formlega menntun að baki skv. skilgreiningu laga um framhaldsfræðslu (nr. 27/2010). Lögð hefur verið áhersla á að kynna þjónustuna vel og ná til markhópsins, með markvissum heimsóknum á vinnustaði, auglýsingum og markaðsátaki á samfélagsmiðlum o.fl.

Markmið náms- og starfsráðgjafar

Helstu markmið náms- og starfsráðgjafar eru að efla sjálfsþekkingu og vitund einstaklinga, aðstoða þá við að þekkja og virkja styrkleika sína út frá áhugasviði og gildum, hjálpa þeim að takast á við breytingar eða hindranir á starfsferli og taka ígrundaðar ákvarðanir varðandi eigin náms- og starfsferil. Liður í ráðgjöfinni er að tengja áhuga við tiltekið nám eða starf, veita stuðning í raunfærnimati, leiðbeina og ráðleggja um atriði er varða færnimöppu, ferilskrárgerð og atvinnuleit, veita persónulega handleiðslu um atriði er varða nám og störf, sjá um eftirfylgni o.fl. Þá felst starf náms- og starfsráðgjafa einnig í því að hafa samskipti við ólíka samstarfsaðila, halda utan um skráningar viðtala og niðurstöður raunfærnimats.

Einstaklingurinn í fyrirrúmi

Nemendum sem sækja lengri námskeið og námsleiðir hjá Símenntun stendur til boða að bóka tíma í ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjöfum Símenntunar. Kjarninn í náms- og starfsráðgjöf er án undantekninga þarfir ráðþega, og er öll nálgun einstaklingsmiðuð. Þannig er leitast við að mæta ráðþegum á eigin forsendum og því mikilvægt að átta sig á fjölbreytileika, menningarmun, ásamt því að hafa heildræna sýn yfir markmið, möguleika, tækifæri og árangur hvers og eins. Þrátt fyrir að ráðþegar tilheyri markhópi eru þeir almennt ólíkir einstaklingar og stundum er ráðgjöfin úrræði þegar breytingar eiga sér stað í lífi fólks eins og t.d. atvinnumissir eða heilsubrestur. Ráðgjöfin er enn fremur tækifæri til að staldra við, skoða eigin stöðu og velta fyrir sér náms- eða starfsþróun. Fjöldmörg dæmi eru um að ráðgjöfin leiði til þess að fólk fari t.d. í raunfærnimat, í nám, ljúki námi, finni starf við hæfi, breyti um stefnu á starfsferli o.s.frv.

Á staðnum eða á fjarfundi

Náms- og starfsráðgjöf fer að mestu leyti fram á starfsstöðvum Símenntunar og á vinnustöðum og stofnunum á Vesturlandi. Þá hefur rafræn ráðgjöf einnig staðið ráðþegum til boða og hefur henni verið beitt með markvissum hætti; til að ná til fleiri aðila á svæðinu, auka þjónustuna og til að koma betur til móts við þarfir ráðþega á Vesturlandi. Kostir rafrænnar ráðgjafar eru að aðgengi er óháð búsetu og þá sparast bæði tími og kostnaður. Fjöldi rafrænna ráðgjafaviðtala var aðeins lægri á árinu eða alls 35% og hefur fækkað frá árinu áður en þá voru þau 51% af heildarfjöldi viðtala. Skýringin felst í því að ráðgjafar Símenntunar voru duglegir að fara á vinnustaði um Vesturland og bjóða viðtöl á staðnum.

Símenntun leggur mikið upp úr góðu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi. Dæmi um mikilvæga samstarfsaðila Símenntunar þegar kemur að ráðgjöf eru: Vinnumálastofnun á Vesturlandi, VIRK, stéttarfélag, Starfsendurhæfing Vesturlands og sveitarfélögin á Vesturlandi.

Af erlendum uppruna

Einstaklingar af erlendum uppruna eru ávallt stór hluti af markhópi Símenntunar sem hefur í mörg ár verið leiðandi í að nálgast þennan hóp. Náms- og starfsráðgjöf getur reynst þeim gagnleg við margt s.s. atvinnuleit, upplýsingaöflun um nám og störf, mat á reynslu, áhuga, færni og menntun sem getur verið hvati til frekari starfsþróunar og tækifæri í nýju landi. Í vinnu með einstaklingum af erlendum uppruna er hugað vel að því að kortleggja fyrri menntun, reynslu og færni. Í því skyni er t.d. athugað hvort þessir einstaklingar geti fengið fyrra nám og starfsréttindi metin og staðfest hér á landi. Einnig geta þeir fengið einstaklingsbundna aðstoð við gerð færnimöppu, ferilskrár og aðstoð við gerð kynningarbréfa og umsókna, svo eitthvað sé nefnt. Hlutfall þeirra af heildarfjölda ráðþega á árinu er 47 % , flestir frá Úkraínu og Póllandi.



Náms- og starfsráðgjöf - tölfræði

Heildarfjöldi viðtala	2025
Símenntun á Vesturlandi	523

Kyn	2025
Karl	191
Kona	332
Alls	523

Menntunarstig	2025
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	411
Grunnskóli	52
Háskólapróf	13
Iðnmenntun	5
Starfsmenntun - minna en tvö ár	11
Starfsmenntun - tvö ár eða meira	12
Stúdentspróf	19
ALLS	523

Aldursbil	2025
25 ára og yngri	74
26 - 35 ára	156
36 - 45 ára	137
46 - 55 ára	106
56 ára og eldri	50
ALLS	523

Viðtalstegund	2025
Hópráðgjöf	0
Hvatningarviðtal	2
Ráðgjafarviðtal	521
ALLS	523

Staða á vinnumarkaði	2025
Annað	86
Atvinnuleitandi	95
Hlutastarf og hlutabætur	3
Í námi	2
Í starfi	329
Starfsendurhæfing	6
Öryrki	2
ALLS	523

Ástæða viðtals	2025
Að eigin frumkvæði	123
Boðun í viðtal vegna VMST	43
Eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun	208
Eftirfylgni vegna raunfærnimats	7
Færnimöppugerð	4
Færnimöppugerð v. raunfærnimats	42
Skimun í raunfærnimat	36
Stuðningur í matssamtali	60
ALLS	523

Ríkisfang	2025
Ísland	280
Úkraína	96
Pólland	81
Aðrar þjóðir	66
ALLS	523

Hjá Símenntun á Vesturlandi má panta ráðgjafaviðtal við náms- og starfsráðgjafa í gegnum vef Símenntunar, með tölvupósti eða hringja og óska eftir viðtali og ráðgjöf.

Raunfærnimat

Raunfærnimat er viðurkennt matsferli sem gerir fólki úr ýmsum greinum atvinnulífsins kleift að fá reynslu, færni og þekkingu sem það hefur öðlast í starfi, metið til eininga. Raunfærnimatið getur stytt nám og auðveldað fólki að hefja nám í sinni grein til þess að öðlast starfsréttindi að því loknu. Til að komast í raunfærnimat þarf viðkomandi að hafa náð 23 ára lífaldri og þriggja ára starfsaldri. Samtals fóru 38 einstaklingar í raunfærnimat hjá Símenntun á Vesturlandi árið 2025.

Raunfærnimat í verslun

Á árinu 2025 fóru 18 manns í raunfærnimat í verslunarfagprófi, 10 karlar og 8 konur. Meðaltal metinna eininga var 43,3 og meðalaldur þátttakenda 31 ár. Matsaðili í verkefninu er Garðar Vilhjálmsson kennari og gæðastjóri í MK. Raunfærnimatið tekur mið af fagnámi í verslun og þjónustu við Verslunarskóla Íslands.

<https://www.verslo.is/namsbraut/fagprof-verslunar-og-thjonustu/>

Raunfærnimat í búfræði

Raunfærnimatið er framkvæmt í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og er metið á móti námskrá í búfræði. Símenntun hefur umsjón með raunfærnimati í búfræði á landsvísu.

Á árinu 2024 fóru tveir einstaklingar í gegnum raunfærnimat í búfræði, ein kona og einn karl. Búfræðibrautin er samtals 135 einingar og var meðaltal metinna eininga á þátttakanda 17,5 einingar. Meðalaldur þátttakenda var 30 ár.

Matsaðilar í verkefninu eru Eyjólfur Kristinn Örnólfsson sérfræðingur og kennari hjá LBHÍ, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir aðjúntkt, Haukur Þórðarson og Jóhannes Kristjánsson báðir kennarar á framhaldsskólastigi.

Hér má nálgast námskrá í búfræði: https://ugla.lbhi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=600008_20236&namskra=1&kennsluar=2023

Raunfærnimat í kerfisstjórnun

Raunfærnimatið var framkvæmt í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV). Áður var þetta raunfærnimat í tækniþjónustu. Metið er út frá námsbrautinni Kerfisstjórnun grunnur og er ekki einingabært. Kerfisstjórnar starfa við umsjón lítilla og stórra tölvukerfa fyrir fyrirtæki og stofnanir. Á árinu 2025 fóru tveir einstaklingar í gegnum raunfærnimatið. Matsaðili er Guðjón Þór Hjaltalín. Þetta raunfærnimat var tilraunaverkefni og er nú lokið.

<https://ntv.is/namsleid/kerfisstjornun-grunnur-ein-onn/>

<https://frae.is/wp-content/uploads/2022/01/Taeknithjonusta-1-utgafa-2016.pdf>

Raunfærnimat í þjónustugreinum

Raunfærnimatið skiptist í leikskólaliða, stuðningsfulltrúa og félagsliða og nær til ófaglærðra starfsmanna sem starfa í leikskólum eða grunnskólum, eða í félagslegri þjónustu, t.d. við umönnun fatlaðra og aldraðra. Metið er út frá námskrám leikskólaliða, stuðningsfulltrúa og félagsliða. Á árinu 2025 fóru 9 einstaklingar í raunfærnimat í þjónustugreinum. Tvær konur og einn karl fóru í raunfærnimat félagsliða. Meðaltal metinna eininga var 86,6 og meðalaldur þátttakenda var 23,7 ár. Tvær konur fóru í raunfærnimat leikskólaliða. Meðaltal metinna eininga var 77,5 og meðalaldur þátttakenda var 36 ár.

Fjórar konur luku raunfærnimati í stuðningsfulltrúa. Meðaltal metinna eininga var 67,5 og meðalaldur 46,7 ár

Matsaðili er Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir.

Hér má nálgast námskrá leikskólaliða:

<https://namskra.is/programmes/1981672b-0ed3-4dda-86fb-d3043231caf1>

Hér má nálgast námskrá stuðningsfulltrúa:

<https://namskra.is/programmes/0c1bca5e-7ab7-4b9b-8846-81fdb916eb8d>

Hér má nálgast námskrá félagsliða:

<https://namskra.is/programmes/7fd4971c-70f9-4f95-83d1-c0a6d5f85c12>

Raunfærnimat í sjúkraliða

Þetta raunfærnimat var nýtt hjá Símenntun á árinu. Raunfærnimat í sjúkraliða er unnið í samstarfi við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Matsaðilar eru Oddný Jóhanna Zophoníasdóttir og María Albína Tryggvadóttir. Sjö konur fóru í raunfærnimat í sjúkraliða, meðaltal eininga var 23,7 og meðalaldur þátttakenda 33,2 ár.

Hér má sjá námskrá á sjúkraliðabraut FVA.:

[Sjúkraliðabraut - Fjölbrautaskóli Vesturlands](#)

<https://www.mk.is/matvaelaskoli/brautir/matreidsla>

<https://frae.is/wp-content/uploads/2022/05/Namsskra-sundlaugarvordur-29.4.2021.pdf>

<https://frae.is/wp-content/uploads/2022/01/Namsskra-starf-i-ithrottahusi-29.4.2021.pdf>

Raunfærnimat - tölfræði 2025

Heiti raunfærnimats	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi kvenna	Fjöldi karla	Fjöldi metinna eininga	Meðaltalsfjöldi eininga pr. þátttakanda	Meðalaldur
Verslunarfagpróf	18	8	10	781	43,3	31
Búfræði	2	1	1	35	17,5	30
Kerfisstjórn	2	0	2	Á ekki við	Á ekki við	46
Félagliði	3	2	1	260	86,6	23,7
Leikskólaliði	2	2	0	155	77,5	36
Stuðningsfulltrúi	4	4	0	270	67,5	46,7
Sjúkraliði	7	7	0	166	23,7	33,2
Samtals	38	24	14	1667		

Námskeið um framkvæmd raunfærnimats

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur námskeið um raunfærnimat fyrir fagaðila, náms- og starfsráðgjafa, verkefnastjóra og aðra sem koma að raunfærnimatsverkefnum. Slík námskeið eru haldin að meðaltali tvisvar á ári og er lögð áhersla á að allt starfsfólk Símenntunar fari á slíkt námskeið.

Nánari upplýsingar um raunfærnimat má nálgast hér:

<https://frae.is/raunfaernimat/>

Anna Kristín og raunfærnimatið

Hér í ársskýrslunni er sagt frá raunfærnimatinu og birt tölfræði um hversu margir fóru í mat á hverju sviði, svona margir í raunfærnimat í verslun og aðeins færri í búfræði o.s.frv. En á bak við þessar tölur er fólk, hvert og eitt með sína sögu. Ein af þeim er Anna Kristín Gyldfadóttir en hún fór sl. haust í raunfærnimat sjúkraliða. Við báðum hana að segja okkur aðeins frá því hvernig það kom til og hvaða þýðingu það hefur haft fyrir hana.

„Ég vinn við aðhlyningu á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða á Akranesi og þar áður var ég í rúm tólf ár á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði. Segja má að ég hafi eiginlega alltaf verið á leiðinni í sjúkraliðanám en aldrei farið samt. Á þessum árum hef ég starfað með sjúkraliðum og hjúkrunarfræðingum sem hafa verið mér fyrirmyndir og hvatning. Ég get þakkað þeim þá færni sem ég hef tileinkað mér á þessu sviði. Ég er þakklát fyrir að vinna á hjúkrunarheimili þar sem ég get veitt heimilisfólki þá aðstoð sem þau þurfa ásamt því að kynnast þeirri kynslóð sem ruddi brautina á undan okkur. Vissulega getur starfið verið krefjandi en það gefur svo miklu meira til baka.



Anna Kristín.

Að hafa trú á sjálfum sér

Það er mjög mikilvægt að tækifæri eins og raunfærnimat sjúkraliða sé í boði fyrir manneskju eins og mig vegna þess að ég hef lengi verið á leiðinni í sjúkraliðann en svo guggnað því ég hef ekki haft nógu mikla trú á sjálfri mér.

Raunfærnimatið fór þannig fram að ég byrjaði á því að mæta til Guðrúnar Völu (Elísdóttur framkvæmdastjóra en þarna í hlutverki náms- og starfsráðgjafa) hjá Símenntun á Vesturlandi og hún fór vel yfir það hvernig matið færi fram ásamt því að fylgja mér alla leið í gegnum það. Það eitt skipti mig mjög miklu máli því hún veitti mér öryggi og trú á sjálfri mér. Síðan voru mér sendir tveir listar sem ég þurfti að fylla ítarlega út og var annar þeirra fyrir öll þau störf sem ég hef unnið ásamt námskeiðum og skólagöngu, á meðan hinn listinn var með mjög ítarlegum spurningum tengdum þeirri færni sem sjúkraliðar þurfa að hafa í sínu starfi.

Að því loknu fór ég á Teams-fund með sjúkraliða og hjúkrunarfræðingi sem lögðu fyrir mig faglegar spurningar út frá spurningalistunum sem ég hafði áður svarað. Á þeim fundi var Guðrún Vala líka en var þó á bak við tjöldin til að vera til stuðnings og það eitt veitti mér meiri ró og öryggi í viðtalinu.“

Kveikt í neistanum

Að geta farið í raunfærnimat út frá allri þeirri reynslu sem maður hefur aflað sér í gegnum öll þessi ár er ómetanlegt ásamt því að hafa gefið mér aftur meiri trú á sjálfri mér og kveikt aftur í neistanum í að halda áfram að læra.“

Nám og námskeiðahald

Íslenski hæfniramminn um íslenska menntun

Megintilgangur hæfnirammans er tvíþættur;

- Auka gagnsæi innan menntakerfis viðkomandi lands.
- Auka gagnsæi milli evrópskra menntakerfa.

Hæfniramminn getur einnig nýst almenningi sem tenging á milli óformlegs og formlegs náms, hafi slíkt nám verið sett á hæfniprep. Miðað er við að hægt sé að tengja allt nám sem hefur skilgreind námslok, óháð því hvar það fer fram, við hæfniprep rammans. Ramminn eykur þannig gagnsæi og varpar ljósi á þá hæfni sem einstaklingur býr yfir að loknu tilteknu þrepi. Upplýsingar um hæfni má m.a. nota í ferilskrá, við starfspróun og í umsókn um nám.

Íslenski hæfniramminn telur sjö hæfniprep. Hækkandi þrep endurspeglar auknar hæfnikröfur sem eru skilgreindar í hæfniviðmiðum fyrir þekkingu, leikni og hæfni. Tveimur þrepum, 5. og 6., er skipt upp í 5.1 og 5.2 annars vegar og 6.1 og 6.2 hins vegar, í því skyni að draga fram ákveðinn eðlismun á námslokum innan þessara þrepa, t.d. kröfu um reynslu af rannsóknum.

Mest allt nám í framhaldsfræðslunni er á 1.-2. hæfniprepi.

Nánari upplýsingar um íslenska hæfnirammann má nálgast hér <https://mms.is/um-islenskahaefnirammann>

Hæfnigreiningar starfa

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur þróað aðferð við að greina störf og hæfnikröfur þeirra. Hæfnikröfur starfa eru viðmið um hvaða hæfni þarf til að gegna tilteknum störfum og hversu mikil hún þarf að vera. Niðurstöður hæfnigreininga má nýta með fjölbreyttum hætti svo sem við hönnun á námi til undirbúnings þátttöku í atvinnulífinu, sem viðmið í raunfærnimati, sem hvatningu til starfspróunar og leiðarljós við gerð starfslýsinga og ráðningu starfsmanna.

Svokallaðir starfaprófilar byggja á þessum hæfnigreiningum, en starfaprófill dregur fram um hvaða starf er að ræða og hvaða hæfni þarf til að sinna því.

Upplýsingar um hæfnigreiningar má finna hér: <https://frae.is/haefnigreiningar/>

Upplýsingar um starfaprófila má finna hér: <https://frae.is/haefnigreiningar/starfaprofilar/>

Vottaðar námsleiðir sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út námskrár sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu. Þær eru vottaðar af Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Nýrri námskrár byggja margar á svokallaðri hæfnigreiningu starfa eða starfaprófilum.

Vottaðar námsleiðir skiptast annars vegar í almennar námskrár og hins vegar starfstengdar námskrár. Nánari upplýsingar um vottaðar námsleiðir má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is/namskrar

Yfirlit yfir vottaðar námsleiðir árið 2025

Hér má sjá hvaða námskeið á vegum Símenntunar voru kennd eftir vottuðum námsleiðum á árinu:

Námsleið	Fjöldi þátttakenda	Konur	Karlar
Íslenska og atvinnulíf og íslenska	24	146	10
Stökkpallur	10	4	6
Nám í stóriðju- 1. önn	10	1	9
Nám í stóriðju- grunnám 2. önn	10	1	9
Skref til Sjálfshjálpar í lestri og ritun	31	23	8
Samtals	91	46	46

Nám fyrir fólk með fötlun

Símenntun á Vesturlandi og Fjölmennnt hafa í mörg ár verið í samstarfi um nám fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi. Í þjónustusamningnum er kveðið á um að Símenntun skuli bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi.



Forsenda þess að vel takist til er góð og öflug samvinna við þá aðila sem standa að málefnum fólks með fötlun á svæðinu. Mikilvægt er einnig að benda á að fatlaðir einstaklingar sem njóta námskeiða þurfa að reiða fram hluta kostnaðar úr eigin vasa. Á flestum stöðum kemur sú upphæð frá vinnustöðum sem hafa náð að koma sér upp sjóðum, m.a. með sölu handverks.

Framboð námskeiða byggist á áhugakönnunum og hugmyndum á hverjum stað fyrir sig auk þeirrar aðstöðu sem er fyrir hendi. Töluverð reynsla er komin á samstarf Símenntunar og vinnustaða fatlaðra og ganga námskeiðin almennt hnökralaust fyrir sig.

Árið 2025 voru haldin 29 námskeið af ýmsum toga víða um Vesturland en mörg þeirra hafa verið haldin árlega þar sem ánægja með þau er mikil og eftirspurnin eftir þeim í takti við það.

Þetta eru listnámskeið af ýmsum toga, sundnámskeið, hestanámskeið, matreiðslunámskeið og íþróttanámskeið svo eitthvað sé nefnt.

	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi nemendastunda
Akranes	10	145	1450
Borgarnes	7	44	308
Ólafsvík	4	22	88
Stykkishólmur	2	16	32
Fellsendi	6	60	360
Alls	29	287	2238

Nám fyrir fólk með fötlun er afskaplega mikilvægur þáttur í lífi þátttakenda á námskeiðum. Það er alltaf mikilvægt að vera í góðu samstarfi við vinnustofur og búsetuþjónustu til þess að skipuleggja námskeið og ná til þátttakenda. Tengslanet við leiðbeinendur, starfsfólk og forstöðufólk stofnana, skiptir miklu máli. Fræðslan er afar mikilvæg fyrir þennan hóp og nauðsynlegt að halda henni í sem bestum farvegi.

Nánari upplýsingar um starfsemi Fjölmenntar – símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar er að finna á www.fjolmennt.is

Málþjálfaverkefnið

Eftir heimsókn til Oslo Voksenopplæring Servicesenter til að fræðast um verkefnið Språkmentor, sem sagt er frá hér framar í skýrslunni, setti starfsfólk Símenntunar af stað verkefnið *Málþjálfari* í þremur stofnunum á Snæfellsnesi. Markmið málþjálfaverkefnisins er að aðstoða starfsfólk af erlendum uppruna við að læra og æfa sig í íslensku á vinnutíma, með sérstaka áherslu á vinnutengdan orðaforða. Þannig var námsleiðin Skref til sjálfshjálpar nýtt sem kennslugrunnur, en auk þess var innan hverrar stofnunar, málþjálfari sem aðstoðaði þátttakendur við heimanám en þó sérstaklega við framburð.

Á leikskólanum Sólvöllum í Grundarfirði voru 6 starfskonur leikskólans í þessu verkefni og aðstoðarleikskólastjórinn var málþjálfari.

Þátttakendur tóku stöðupróf í íslensku áður en kennsla hófst og einnig eftir að henni lauk. Það er samdóma álit þeirra sem tóku þátt í verkefninu og annarra starfsmanna að þetta hafi orðið til þess að meiri áhersla hafi verið lögð á íslensku. Þeir sem voru að læra íslenskuna voru meira tilbúnir og jafnvel báðu um að vera leiðréttir og íslenska starfsfólkið var tilbúnara að tala hægar, endurtaka og leiðbeina við framburð. Þannig lögðu allir sig fram um að allt væri rétt sagt.

Vonir standa til að hægt sé að halda þessu verkefni áfram og setja það af stað á öðrum stofnunum en þó á eftir að skoða hvernig hægt er að fjármagna verkefnið. Þar sem fólk er í vaktavinnu er erfiðara að koma fyrir hefðbundinni kennslu samkvæmt námsskrá eins og gert var t.d. í Grundarfirði.

Nám í stóriðju: Stóriðjuskóli Norðuráls

Stóriðjuskóli Norðuráls hefur verið starfræktur frá árinu 2012 og er samvinnuverkefni Norðuráls, Símenntunar á Vesturlandi og Fjölbrotaskóla Vesturlands. Auk kennara á vegum Símenntunar og FVA koma sérfræðingar frá Norðuráli og Iðunni að kennslunni.

Tilgangur námsins er meðal annars að auka verðmætasköpun og styrkja samkeppnisstöðu, auka öryggi starfsfólks við vinnu og efla starfsánægju. Í janúar 2025 hófst grunnnám sem lýkur á árinu 2026. 10 nemendur stunda námið og bætast við þá 149 nemendur sem áður hafa lokið námi í Stóriðjuskólanum. Endurskoðun á námskrá Stóðiðjuskólans stendur yfir með Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og öðrum fræðslumiðstöðvum sem bjóða upp á nám í stóriðju.

Fjölmenningskóli Vesturlands

Símenntun hefur alla tíð lagt áherslu á inngildingu og fjölmenningsleggt starf og tekið þátt í ýmsum viðburðum þar að lútandi. Hluti af starfsþróunarstefnu Símenntunar snýr að inngildingu og fjölmenningu. Fjölmenningskóli Vesturlands er þverfaglegt verkefni sem leggur áherslu á inngildingu, fjölmenningsfærni, aðgengi að þjónustu og miðlun upplýsinga. Verkefnið hófst formlega í mars 2024 með styrk frá Þróunarsjóði innflytjendamála og Sóknaráætlun Vesturlands. Starf skólans byggir á fjórum meginmarkmiðum: valdeflingu, inngildingu, lýðræðislegri og samfélagslegri þátttöku, auk þess að varpa ljósi á það sem kalla má ósýnilega menningu. Markmið skólans taka mið af *Hvítbók um málefni innflytjenda (2024–2038)*.

Fræðsla

Fjölmenningskóli Vesturlands vann árið 2025 að fjölbreyttum verkefnum sem miða að því að efla inngildingu og styðja við fólk af erlendum uppruna á Vesturlandi. Haldið var námskeið um skatta og skyldur á Bifröst og í Borgarnesi þar sem um 70 manns tóku þátt og einnig fór fram fjölmenningsfræðsla fyrir ÍA á Akranesi þar sem 15 manns sótti fræðsluna. Þá var unnið að undirbúningi fræðslu fyrir íþróttafélög á Snæfellsnesi, þó sú fræðsla hafi reyndar að lokum fallið niður. Auk þessa var starfsemi Fjölmenningskóla Vesturlands og það fjölmenningsstarf sem var unnið á árunum 2023–2025, kynnt fyrir Fjölmenningsráði Borgarbyggðar. Starfið fól einnig í sér virkt samstarf og þróunarverkefni eins og málþjálfaverkefnið á Snæfellsnesi. Það verkefni miðar að því að styðja fólk af erlendum uppruna við að tileinka sér íslensku með stuðningi vinnufélaga sem leiðbeina og æfa tungumál í daglegu tali. Verkefnið hófst með undirbúningi og kynningu og var meðal annars haldið málþjálfanámskeið fyrir leik- og grunnskóla á Snæfellsnesi.

Unnið var að gerð móttökuáætlunar fyrir sveitarfélög á Vesturlandi og send út í tölvupósti þar sem sveitarfélögum var einnig boðin kynning á áætluninni. Hluti af Fjölmenningskóla Vesturlands beindist einnig að því að bæta stöðu fólks af erlendum uppruna á vinnumarkaði. Unnið var að raunfærnimati í sjúkraliðanámi á Vesturlandi með það að markmiði að viðurkenna og meta reynslu og þekkingu einstaklinga. Samhliða þessu var unnið að miðlun upplýsinga og markaðsefnis, meðal annars með prentun auglýsinga og kynningarefnis, skipulagningu fyrirlestra og dreifingu bæklinga um réttindi einstaklinga.

Íslenska fyrir erlenda nemendur

Haldin voru 16 íslenskunámskeið á árinu 2025, en til samanburðar voru haldin 9 námskeið á árinu 2024. Nemendur sem luku íslenskunámi voru 205 á árinu 2025 en 93 á árinu 2024. Þetta er því aukning um 120% í nemendafjölda og 78% í námskeiðsfjölda. Þetta er ánægjulegt og segir okkur að fjölmenningslegar áherslur okkar eru farnar að skila sér.

Haldin voru námskeið í Borgarnesi, á Akranesi og Bifröst. Gerðar voru kannanir á vorönn og haustönn. 55 svöruðu könnun á vorönn en 18 á haustönn. Niðurstöðurnar benda til þess að þátttakendur séu almennt ánægðir með námskeiðin og 95% myndu mæla með þeim við aðra. Hér má lesa skýrslu síðasta árs: [Skýrsla-vegna-íslenskukennslu-arid-2025.pdf](#)

Tvö óhefðbundin íslenskunámskeið voru kennd við Landbúnaðarháskólann, annað á vorönn og hitt á haustönn. Nemendur voru erlendir kennarar við skólann sem höfðu óskað eftir sérsniðnu námskeiði með áherslu á að ná tökum á hversdagslegum umræðuefnum og fá góða æfingu í samræðum. Í fyrstu kennslustund fór leiðbeinandi yfir kunnáttu og helstu óskir um efni til að taka fyrir með nemendunum. Leiðbeinandi útbjó svo fyrirlestra og efni eftir óskunum og setti upp samræður til að æfa. Meðal annars var farið yfir samtöl í búðum og í matarboðum, þýðingar á dægurlögum og fréttum á vefmiðlum, stjórnsýsluskipulag og talnaefni tengt íslensku samfélagi og tilvísanir í íslenska menningu. Íslenskuspilið var vinsælt og mikið notað til þess að æfa lestur og framburð.

Hér má nálgast námsefnið “íslenska fyrir alla”: [Íslenska fyrir alla - Fræðslugátt](#)

Hér er vefur Símenntunar með æfingum við námsefnið: www.h5p.is

Námskeið fyrir erlenda skiptinema

Líkt og síðustu ár annaðist Símenntun kennslu fyrir 25 erlenda skiptinema við Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ). Námskeiðið var samtals 12 tímar og kennt 6 sinnum í 2 klukkustundir í senn á haustönn. Auk þess var farin menningarferð um Borgarfjörðinn. Svipað námskeið var haldið í LHÍ á bæði vor og haustönn, þá voru nemendur 25 og 28. Markmiðið með námskeiðinu er að nemendur geti tjáð sig og skilið einfalda íslensku, öðlist skilning á íslenskri samfélagsgerð og stjórnmalakerfi auk þess að skilja tiltekna þætti í íslenskri menningu og ákveðnar hefðir, svo sem veisluhöld og jólasíði, og kynnst völdum þáttum úr sögu Íslands.

Fyrirtækjapjónusta

Á árinu 2025 voru haldin fjölmörg námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi. Það voru til dæmis skyndihjálparnámskeið, námskeið í gerð ferilskráa, skattanámskeið, líkamsbeiting og vinnustellingar, jákvæð samskipti og teymisvinna svo einhver séu nefnd.

Snemma árs voru haldin fjögur námskeið víða um Vesturland fyrir starfsfólk eldhúsa og mótuneyta um meðferð matvæla í samstarfi við Sýni. Mikil ánægja var með þetta námskeið og í kjölfarið var ákveðið að halda starfsdag fyrir starfsfólk eldhúsa og mótuneyta í grunn- og leikskólum um allt Vesturland, og var hann haldinn í Borgarnesi í ágúst. Þátttakendur komu víða að af Vesturlandi og voru á því að gott hafi verið að hitta fólk sem vinnur sömu störf í öðrum skólum og geta borið saman bækur sínar. Líklegt er að svona starfsdagur sé kominn til að vera, kannski ekki árlega en annað hvert ár til dæmis. Myndin hér að neðan sýnir hluta þátttakenda njóta góða veðursins í pásu á starfsdeginum.



Símenntun á Vesturlandi leggur sig fram við að þjónusta fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á starfssvæði sínu. Þessi þjónusta er af ýmsum toga og hefur heldur verið að aukast en hitt. Dæmi um það eru námskeiðin sem haldin voru fyrir starfsfólk eldhúsa og mótuneyta, en þau voru haldin í kjölfar matareitrunar sem upp kom á leikskóla á höfuðborgarsvæðinu og starfsfólk á Vesturlandi kallaði eftir meiri fræðslu.

Sveigjanleiki er eitt af gildum Símenntunar og við gerum okkar besta til að vera með puttana á púlsinum til að bregðast við fræðsluóskum. Þannig hefur Símenntun lagt meiri áherslu á að kynna fyrirtækjum að Símenntun sé til þjónustu reiðubúin varðandi fræðslumál af ýmsum toga frekar en að áherslan sé öll á að kynna tilbúna og mótaða pakka.

Grunnurinn var lagður með auknu samtali og heimsóknum, bæði rafrænum og í raunheimum og haldið verður áfram að styrkja og auka þessi tengsl á árinu 2026.

Fræðslustjóri að láni

Í heimsóknum starfsfólks Símenntunar á liðnu ári til fyrirtækja og stofnana var meðal annars verkefnið *Fræðslustjóri að láni* kynnt sem hluti af þeirri þjónustu sem Símenntun býður fyrirtækjum og stofnunum á Vesturlandi. Verkefnastjórar Símenntunar hafa fundið fyrir auknum áhuga fyrirtækja á fræðslumálum og hefur þetta verkefni, *Fræðslustjóri að láni*, ekki verið þar undanskilið.

Fræðslustjóri að láni byggist á því að lána til fyrirtækja og stofnana ráðgjafa sem er sérhæfður í vinnustaðafraeðslu og óformlegri menntun. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu og þjálfunarmál, hampar því sem vel er gert og setur fram áætlun um hvernig megi bæta það sem þarf að bæta. Verkefnið byggir m.a. á því að skipulega er unnið að starfsmannaþróun og verkefnum sem tengjast skipulagningu menntunar, þjálfunar og öðru varðandi fræðslu starfsfólks.

Starfsmannaþróun er eitt mikilvægasta verkfærið til að þróa og bæta fyrirtæki og stofnanir og ekki síður að auka ánægju starfsfólks í starfi. Til að hægt sé að mæta þörfum starfsfólks er lykilatriði að vinna góða þarfagreiningu. Í verkefninu *Fræðslustjóri að láni* er lagt til grundvallar að stjórnendur og almennir starfsmenn komi á framfæri sínum óskum og þörfum um fræðslu og vinni þannig saman að þeirri uppbyggingu í fræðslumálum sem þörf er á. Innan Símenntunar hefur verkefni sem kallast *Fræðslustjóri til leigu*. á leigu verið í þróun en í því felst að Símenntun og fyrirtæki eða stofnanir, bæði þau sem farið hafa í gegnum *Fræðslustjóri að láni*, sem og önnur, gera með sér samkomulag um að ráðgjafi Símenntunar verði viðkomandi fyrirtæki eða stofnun innan handar í skipulagningu og framkvæmd fræðslu, hvort sem unnið er eftir fræðsluáætlun eða þörfum sem upp koma. Að fá fræðslustjóra til leigu hentar oft vel þegar ekki er til staðar fræðslustjóri og/eða mannauðsstjóri eða sá sem hefur með starfsmannamál að gera hefur ekki svigrúm til að sinna fræðslumálum eins og þarf. Umfang þessara verkefna fer eftir því hversu stór, dreifð og fjölmenn fyrirtækin eða stofnanirnar eru. Símenntun er með nokkur svona verkefni í gangi en það er alltaf pláss fyrir fleiri.

Þjónusta við fjarnema

Prófaaðstaða

Símenntun á Vesturlandi veitir þjónustu við fjarnema í framhalds- og háskólanámi, en eitt af mikilvægustu hlutverkum stofnunarinnar er að gera nemendum kleift að þreyta próf í heimabyggð. Boðið er upp á prófaðstöðu og þjónustu á sex stöðum á Vesturlandi; Borgarnesi, Akranesi, Búðardal, Stykkishólmi, Grundarfirði og í Snæfellsbæ. Símenntun sér um að útvega viðeigandi aðstöðu og prófverði eftir þörfum hverju sinni.

Á árinu 2025 voru þreytt 921 próf hjá Símenntun á Vesturlandi þar af 869 háskólapróf. 18 menntastofnanir af öllu landinu sóttu fjarprófsþjónustu Símenntunar fyrir sína nemendur; VMA, Tækniskólinn, Vinnueftirlitið, FSU, Vinnuvélaskólinn, MK, FVA, FNV, Keilir, Mímir, FÁ, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Bifröst, HA, HÍ, HR, Landbúnaðarháskólinn og Endurmenntun Háskóla Íslands.

Nemendur greiða umsýslu- og þjónustugjald fyrir hvert próf sem tekið er á prófstöðum. Þetta er fast gjald. Ákvörðun um gjaldtöku fyrir fjarpróf var tekin í september 2022. Fram að þeim tíma hafði Símenntun borið mestan kostnað af þjónustunni, þó með einhverjum stuðningi frá ríkinu.



Símenntun á Vesturlandi býður nemendum í fjárnámi upp á prófaaðstöðu.

Símenntun er nauðsynleg og má ekki falla niður

Dvalarheimilið Höfði nýtti sér þjónustuna „fræðslustjóri að láni“

Dvalarheimilið Höfði á Akranesi er eitt þeirra fyrirtækja og stofnana á Vesturlandi sem hafa nýtt sér þjónustuna „Fræðslustjóri að láni“, hjá Símenntun á Vesturlandi. Við höfðum samband við Valdís Eyjólfsdóttur, framkvæmdastjóra og inntum hana eftir því hvernig þetta verkefni hefði gengið.

Valdís tók við fyrir einu ári síðan og þá var samningur um fræðslustjóra að láni í gildi. Valdís segir að gerður sé tveggja ára samningur og var því ár liðið af honum þegar hún tók við. Skemmst er frá því að segja að stjórnendur Höfða voru svo ánægðir með samninginn að þeir ákváðu að endurnýja hann um önnur tvö ár.

Valdís segir að þetta hafi gengið „alveg rosalega vel“. Hekla Gunnarsdóttir, fyrirtækjaráðgjafi og verkefnastjóri hjá Símenntun hefur verið tengiliður Símenntunar við Höfða og er mikil ánægja með störf Heklu, enda sé hún öllum hnútum kunnug á þessu sviði. All nokkrar mannbreytingar urðu á dvalarheimilinu um það leyti sem Valdís hóf störf, auk hennar tók líka við nýr hjúkrunarforstjóri svo að það kom sér mjög vel á þeim tímamarki að hafa Heklu sér til halds og trausts.



Valdís Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Höfða.

Eins og áður segir er Valdís ánægð með þetta verkefni, það hafi verið faglegt og samvinnan við Símenntun, í gegnum Heklu, afar góð. Hekla var sýnileg á vinnustaðnum og dugleg að koma og greina þarfirnar.

Á dvalarheimilinu eru 140 starfsmenn, fleiri á sumrin en eitthvað færri stöðugildi. Þar dvelja að jafnaði 75 íbúar en auk þess er dagdvöl og heilmikil stoðstarfsemi.

Hverjar eru þarfirnar?

Í upphafi verkefnisins þurfti að greina fræðsluþarfirnar. Lögð var stór könnun fyrir starfsfólkið og upp úr henni vann Hekla svo skýrslu og samantekt fyrir stjórnendur Höfða. Segja má að þau séu enn að byggja á þeim niðurstöðum.

Til að byrja með hefur fræðslan mestmegnis snúist um að í „tikka í boxin“, fá námskeið sem styrkja grunninn, það sem snýr að aðhlyningu og hjúkrun sem eru auðvitað kjarnastarfsemi dvalarheimilisins. Ýmist hafa verið haldin regluleg námskeið t.d. í skyndihjálpi, og almenn fræðsla um aðhlyningu og

hjúkrun en líka þættir eins og tannheilsa og fræðsla um Alzheimer.

Ennfremur hafa verið haldin sérhæfðari námskeið sem á sama tíma hafa verið mjög gagnleg og í raun nauðsynleg. Má þarf nefna fræðslu um viðbrögð starfsfólks og vinnulag þegar andlát ber að höndum, s.s. hvaða upplýsingar eru veittar í byrjun o.fl.

Önnur námskeið fjalla um líknandi meðferð og þá er einnig frætt um ofbeldisfulla hegðun, svo eitthvað sé nefnt.

Símenntun er nauðsynleg

Stjórnendur á Höfða eru ánægð með þessa þjónustu og starfsfólkið er ánægt með fræðsluna. Þetta hefur reynst vera happafengur vegna þess að oft vill þessi hlið mannauðsmálanna verða útundan, yfirleitt vegna þess að hún er látin mæta afgangi vegna annríkis á öðrum sviðum. Með þessari viðbót, fræðslustjóra að láni, þá er tryggt að símenntun fellur ekki niður, verkefnið er tekið föstum tókum og því haldið gangandi.



Dvalarheilið Höfði, Akranesi.

Opnaði augu mín

Liv Aase Skarstad sat námskeið í fjölmeningarfærni haustið 2025

Liv Aase Skarstad er bæjarfulltrúi á Akranesi og varaformaður skóla- og frístundaráðs bæjarins. Sl. haust fór hún á fjölmeningarnámskeið á vegum Símenntunar á Vesturlandi, og líkaði svo vel að hún bara getur ekki hætt að tala um það, eins og hún orðar það sjálf. Henni finnst að þetta námskeið eigi að vera skyldunámskeið fyrir alla, helst árlegt.



Liv Aase Skarstad, bæjarfulltrúi á Akranesi.

ÍA með frumkvæðið

Það var í þróttabandalag Akraness, ÍA, sem bauð öllum þjálfurum sínum og öðru starfsfólki sem tengist í þróttastarfseminni, á námskeiðið. Kjörnum fulltrúum var síðan boðið að koma líka. Námskeiðið stóð í þrjár klukkustundir og var Jovana Pavlovic, verkefnisstjóri Símenntunar, leiðbeinandinn.

Liv segir að Jovana hafi skipulagt námskeiðið á mjög skemmtilegan hátt, með umræðum og hópavinnu á milli fræðsluerinda. Þetta var því bæði líflegt og þátttakendur fengu mikið úr þessu.

Staðalmyndirnar liggja djúpt

Meðal þess sem Liv Aase tileinkaði sér á námskeiðinu voru hlutir eins og orðalag og orðanotkun okkar þegar kemur að innflytjendum og íbúum af öðru þjóðerni, sérstaklega kannski fólki sem kemur frá fjarlægum og ólíkum menningarsvæðum. Viðhorf okkar eru oft djúpstæð og einkennast gjarnan af staðalmyndum. Fólk frá t.d. Mið austurlöndum sé “svona og svona”, og svo framvegis.

Liv Aase hefur persónulega reynslu af því hvað viðhorf sem þessi geta verið fjarri sannleikanum. Hún hefur ferðast til Austur-Evrópu og fyrirfram stóð hún í þeirri meiningu að þar væri grámyglulegt um að litast, gráar blokkir og ekki kannski mikið að sjá. En svo komst hún að því að þarna eru lífleg og litrík samfélög, iðandi borgir, glaumur og gleði. Hvaðan koma þá þessar ranghugmyndir sem við höfum oft?

Það þarf að fræða fólk um þessi mál, segir Liv og heldur áfram: “Þó svo að hlutfall íbúa af erlendum uppruna á Akranesi sé um 10% og umræðan hér hafi almennt verið jákvæð og laus við þá neikvæðu tóna sem hafa heyrst sums staðar annars staðar, þá þýðir það ekki að við getum slakað á. Þvert á móti skiptir máli að vera stöðugt á verði, efla þekkingu og tryggja að fordómar nái aldrei að festa rætur. Íbúar af erlendum uppruna gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu okkar og það er sameiginleg ábyrgð okkar allra að rækta áfram þann góða anda sem hér ríkir.”

Þess vegna er þetta námskeið og öll fræðsla af þessu tagi, svo upplýsandi. “Þetta opnaði augu mín”, segir Liv.

Heldur umræðunni lifandi

Liv hefur þá tilfinningu að heilt yfir séu Skagamenn opnir fyrir því að taka á móti fólki af erlendum uppruna. En námskeið af því tagi sem Jovana var með eru nauðsynleg m.a. vegna þess að þau halda umræðunni um innflytjendamál lifandi.

Hvað varðar fordóma, sem alltaf geta skotið upp kollinum, þá hefur stöðug umræða og regluleg fræðsla fyrirbyggjandi áhrif. “Fólk á að vita betur,” segir Liv Aase. Það sé þess virði að vinna stöðugt gegn þeirri þróun að innflytjendur verði eins konar “samfélag inni samfélaginu”.

Liv Aase hefur mikið talað fyrir þessum málum og draumur hennar er að settur verði upp sameiginlegur mannauðsdagur hjá Akranesbæ, eins og var einu sinni. Á slíkum degi, sem væri þá haldinn reglulega, yrði þessi fræðsla á dagskrá.

Það er deginum ljósara, af þessu samtali við Liv Aase, að námskeið sem þetta geta sáð fræjum, fræjum sem skjóta svo rótum og eitthvað gott og mikið vex upp. Og kannski eigum við eftir að sjá þennan stóra mannauðsdag á Akranesi verða að veruleika.

Innlend samstarfsverkefni

Vinnumálastofnun – atvinnuleitendur

Símenntun á Vesturlandi hefu átt farsælt samstarf við við Vinnumálastofnun á Vesturlandi (VMST) undanfarin ár eða allt frá efnahagshruni. Á árinu 2025 sóttu atvinnuleitendur ýmis námskeið t.d. íslenskunám, námskeið í ferilskrárgerð og lengri námskeið. Enn fremur hefur atvinnuleitendum boðist náms- og starfsráðgjöf og atvinnuleitendum af erlendum uppruna býðst að fara í stöðumat í íslensku ef VMST óskar eftir því. Niðurstaðan getur nýst í atvinnuleit en gerir jafnframt íslenskukennslu markvissari. Ýmsan fróðleik og tölfræði má finna á vef Vinnumálastofnunar, www.vinnumalastofnun.is



Rauði kross Íslands

Símenntun hefur verið í farsælu samstarfi við allar deildir Rauða kross Íslands á Vesturlandi. Rauði krossinn og Símenntun halda skyndihjálparnámskeið fyrir fyrirtæki og einstaklinga samkvæmt eftirspurn og á árinu 2025 voru þau álíka mörg og árið áður. Dreifingin var nokkuð jöfn um allt Vesturland. Rauði krossinn útvegar gögn og leiðbeinendur en Símenntun auglýsir námskeiðin og útvegar yfirleitt húsnæði en í sumum tilvikum á Rauða kross deild á viðkomandi stað, húsnæði sem er notað. Þetta er samstarf sem hefur verið að aukast í takt við aukna eftirspurn eftir skyndihjálparnámskeiðum og standa vonir til að námskeiðin verða áfram eins þétt og þau hafi verið síðastliðið ár, báðum aðilum og ekki síður þátttakendum til hagsbóta.



Þekking á skyndihjálpi eykur öryggi í samfélaginu

Árný Helgadóttir hefur lengi kennt skyndihjálpi fyrir Rauða krossinn og á síðari árum í samvinnu við Símenntun á Vesturlandi

Þetta eru orðnir áratugir, „ca. 30 ár ef allt er talið“, segir Árný, og reynslan því mikil. Hún hlýtur að hafa kennt mörgum einstaklingum skyndihjálpi? „Jú, margir hafa farið í gegn um námskeið á þessum tíma“, segir Árný þó hún hafi ekki töluna í kollinum. Ein lotan var t.d. mjög fjölmenn, það var þegar hún vann sem hjúkrunarfræðingur á Kárahnjúkasvæðinu og sá um námskeið fyrir starfsfólk og björgunarlið á virkjanasvæðinu. Þar voru um 2000-3000 starfsmenn, flestir erlendir verkamenn frá u.þ.b. 30 þjóðernum.



Árný Helgadóttir.

Samfélagið að vakna til vitundar

Árný sem sjálf er búsett í Borgarfirðinum, segir vel hugsað um þessi mál á því svæði. Mikil áhersla sé á fræðslu um skyndihjálpi og vel að þeim staði á allan hátt. Símenntun á Vesturlandi hefur haft milligöngu um mörg slík námskeið undanfarin ár og þá í samstarfi við Rauða krossinn.

Þessi námskeið eru oftast 4 klst. eða hálfur dagur en þó hafa verið lengri námskeið, allt að 8 klst. Hún hefur kennt starfsmönnum skóla en líka nemendum því skyndihjálpi er nú orðin hluti af námsefni 10. bekkjar. Árný hefur farið í grunnskólana í Borgarfirðinum: í Borgarnes, á Varmaland og á Kleppjárnsreyki.

En hún kennir líka starfsmönnum dvalarheimila og starfsmönnum í heimaþjónustu og svo er auðvitað mikil áhersla á skyndihjálpi innan ferðaþjónustunnar, bæði á hótelum og annars staðar.

Það hefur líka verið eftirspurn eftir námskeiðum Árnýjar hjá einstaklingum og félögum. Kvenfélög hafa t.d. haft samband við hana og fengið námskeið. Hópar eldri borgara hafa sömuleiðis beðið hana um að koma og halda námskeið og loks hafa fjölskyldur tekið sig saman og fengið hana í heimahús. Þá hefur kannski eitthvað gerst þar og hurð skolið nærri hælum og fólk vill geta brugðist rétt við.

„Og af yfirvegun“, leggur Árný áherslu á. Þekking og yfirveguð viðbrögð eru lykilatriði í þessu. Fyrir Árnýju er þetta hjartans mál og hún orðar það svo að það sé „stórkostlegt fyrir samfélagið að hafa aðgang að þekkingu í skyndihjálpi fyrir borgarana og að borgararnir geti viðhaldið þekkingunni“. Skyndihjálpi skipti miklu máli og útbreidd þekking og kunnátta á verklegri færni á þessu sviði meðal almennings auki öryggi í samfélaginu okkar. Árnýju finnst samfélagið vera að vakna til vitundar um mikilvægi þessa málaflokks.

Þegar mínútur skipta máli

Árný segir að það að kenna á skyndihjálparnámskeiðum sé með því gagnlegra og ánægjulegasta sem hún hefur gert og þá er gott að hafa í huga að hún hefur lengi unnið sem hjúkrunarfræðingur á Landspítalanum. Þar er nú aldeilis mikið gagn unnið alla daga ársins.

Það segir sig sjálf að kunnátta í skyndihjálpar getur bjargað mannlífi. En rétt og yfirveguð viðbrögð geta líka minnkað skaða þann sem viðkomandi er e.t.v. útsettur fyrir. Skyndihjálpar getur virkað fyrirbyggjandi gagnvart heilsufarsvanda og getur flýtt fyrir bata seinna meir eftir hvers slags áföll veikindi eða slys.

Skyndihjálparfræðin sjálf eru svo auðvitað alltaf í þróun og hefur Árný farið á fjölda námskeiða til að halda þekkingunni við og fylgjast með. Nýlega var hún t.d. á ráðstefnu í Rotterdam, ásamt fleirum frá Íslandi og kynnti sér það nýjasta í þessu. Reglur breytast og nýtt kemur inn, þannig verða aðferðir og vinnulag alltaf betri og árangursríkari með tímanum.

„Var að versla í jólamatinn í Hagkaup, þegar vatt sér að mér kona“

Eins og áður sagði hefur Árný, á löngum ferli, kennt mörgum skyndihjálpar og hún hefur líka fengið fjöldamörg viðbrögð frá fólki sem hefur verið á námskeiðum hjá henni. Það hefur verið afar hvetjandi til að halda áfram að vinna ötullega að kynningu og kennslu í skyndihjálpar.

Einu sinni vatt sér t.d. að henni kona í Hagkaup, þetta var á Þorláksmessu 2023 og Árný var að kaupa í jólamatinn. Konan hafði verið á námskeiði hjá henni nokkru fyrr og vildi segja henni að sú kunnátta og þekking sem hún tileinkaði sér með setu á námskeiðinu, hefði að öllum líkindum bjargað lífi ungs sonar hennar. Það stóð matarbiti í hálsinum á honum og konan var þess fullviss að hefði hún ekki lært réttu viðbrögðin á skyndihjálparnámskeiðinu, þá hefði hún ekki náð að losa bitann úr hálsi barnsins. „Þegar ég fékk þessa fregn þá fékk ég nú jólagjöf lífs míns“ segir Árný.

Erlend samstarfsverkefni

Eco Social Agency

Verkefninu “Eco Social Agency” lauk í ársbyrjun, en um er að ræða evrópskt Erasmus+ samstarfsverkefni sem miðaði að því að samþætta vist- og félagslega sjálfbærni í fullorðinsfræðslu. Verkefnið var unnið af KSL Study Centre í Finnlandi, Símenntun á Íslandi og MDC í Litháen. Verkefnið gekk út á að hjálpa kennurum og leiðbeinendum að efla sjálfbærni, þróa lausnir og miðla þekkingu áfram til fullorðinna námsmanna. Verkefnið stuðlar að betri skilningi á vist- og félagslegri ábyrgð og skapar nýjar leiðir til sjálfbærrar menntunar.

Framhaldsfræðslan - ýmis fróðleikur

Samtök í fullorðinsfræðslu

Símennt, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Símennt eru samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva í landinu og eiga ellefu símenntunarmiðstöðvar aðild að samtökunum. Markmið þeirra er m.a. að vinna að símenntun og framhaldsfræðslu á Íslandi, þar sem lögð er áhersla á að efla þekkingu og hæfni einstaklingsins og auka vitund fyrirtækja og stofnana á mikilvægi símenntunar starfsfólks í krefjandi og síbreytilegu starfsumhverfi. Innan Símenntar er unnið að sameiginlegum hagsmunum miðstöðvanna. Þær eru um allt land, níu á landsbyggðinni og tvær á höfuðborgarsvæðinu.



Starfsfólk miðstöðvanna hittist á hverju ári á haustfundum og framkvæmdastjórar að auki á vorfundum. Samskipti eiga sér stað á samfélagsmiðlum þar sem eru hópar fyrir verkefnastjóra o.fl. starfsfólk stöðvanna.

Leikn

Leikn er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi og málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Samtökin vilja stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun, samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar. Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla, eru lögaðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis. Einnig geta aðilar innan hins formlega skólakerfis sem starfa að mestu leyti í samræmi við tilgang og markmið Leiknar, orðið aðilar að samtökunum. Símenntun er aðili að Leikn og framkvæmdastjóri situr í stjórn Leiknar. Sjá www.leikn.is



Eins og áður segir er Guðrún Vala framkvæmdastjóri í stjórn Leiknar frá og með árinu 2025. Hún sótti fund hjá netverki samtaka Eystrasaltsríkjanna og Norðurlandanna um fullorðinsfræðslu sem haldinn var í Tallinn í Eistlandi í 12.-13. maí. Fyrri daginn voru flutt stutt erindi frá þátttökulöndunum um stöðu mála í hverju landi fyrir sig og að því loknu var fjallað um alþjóðamál. Þar var farið yfir stöðuskýrslu frá EAEA og ICAE, (sjá umfjöllun hér á eftir) auk kynningar á norrænu og baltnesku netunum. Rætt var um mögulegt samstarf, ýmsar hugmyndir o.fl. Seinni daginn var vinnustofa um áskoranir í menntamálum á tímum gervigreindar, síðan umræða um ýmis mál frá deginum áður, samantekt og næstu skref í samstarfi.



Í Tallinn, að loknum fundahöldum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er leiðandi í að greina, meta og auka hæfni í atvinnulífinu.



Sjá vef: www.frae.is

Gátt

Gátt er vefrit sem ætlað er að vera vettvangur fyrir efni um fræðslumál fullorðinna með sérstakri áherslu á hverskonar framhaldsfræðslu og menntun á vinnumarkaði. Í ritinu eru bæði fræðilegar greinar og almennar þar sem fram fer kynning á rannsóknum og lausnum í fullorðinsfræðslu og símenntun, jafnt hagnýtum sem fræðilegum. Í ritinu eru greinar, viðtöl og frásagnir af nýjungum, farsælum verkefnum, framtíðarhugmyndum og breytingum á sviði framhaldsfræðslu og menntunar á vinnumarkaði ásamt reynslusögum af verkefnum á Íslandi, bæði úr fyrirtækjum og fræðlustofnunum.



Gáttin hefur verið gefin út síðan 2004 og má nálgast rafrænar útgáfur hér: <https://gatt.frae.is/>

Næsta skref

Næsta skref er almennur upplýsingavefur um nám og störf, hústur og rekinn af Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, MMS, fyrir milligöngu og í samstarfi þriggja ráðuneyta. Verkefnið á rætur að rekja til samstarfs Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Sérfræðiseturs



í ævilangri náms- og starfsráðgjöf, sem unnu að þróun Næsta skrefs árin 2012-2014 sem hluta af stærra Evrópuverkefni. Vefurinn gekk í gegnum endurbætur og breytingar árin 2016 – 2018 og hefur smám saman fest sig í sessi sem alhliða upplýsingaveita á mörkum atvinnulífs og menntakerfis.

Sumarið 2023 var ákveðið að flytja Næsta skref um set og koma vefnum í nýjan búning með breyttum áherslum sem ætlað var að ná til breiðari hóps notenda. Núverandi útgáfa hefur verið aðgengileg frá vordögum 2024.

Sjá vef: <https://naestaskref.is/>

European Association for the Education of Adults

EAEA eru evrópsk regnhlífarsamtök sem tengja saman og tala fyrir hönd evrópskra stofnana og samtaka sem sinna fræðslu og námi fullorðinna. Samtökin voru stofnuð árið 1953 undir heitinu European Bureau of Adult Education af fulltrúum frá nokkrum Evrópulöndum. Samtökin eru frjáls félagasamtök (NGO)



með um 120 aðildarsamtök í 43 löndum. Þau berjast fyrir réttindum og aðgengi fullorðinna að námi, hafa áhrif á evrópska stefnumótun í ævilöngu námi, styðja aðildarfélög með efni, ráðgjöf og tengslamyndun og skapa öflugt, faglegt samfélag um fullorðinsfræðslu í Evrópu. Leikn er aðili að EAEA og tekur þátt í viðburðum á vegum þess.

Hér má sjá stutta útgáfu af yfirlýsingu um nám fullorðinna á íslensku:

[Nú stefnuyfirlýsing um nám fullorðinna á 21. öldinni](#)

Hér má svo finna úmsar upplýsingar um fullorðinsfræðslu í Evrópu.

Sjá vef: **[European Association for the Education of Adults \(eaea.org\)](http://eaea.org)**

Nordic Netværk for Livslang Læring

Nordisk Netværk for Livslang Læring (NLL) eru norræn samtök sem styðja ævilanga menntun fullorðinna á Norðurlöndunum. NLL var stofnað af Norrænu ráðherranefndinni árið 2005 og hét áður NVL. Nafninu var breytt í janúar 2025.



Helstu markmið NLL eru að efla færni og nám fullorðinna, styðja þróun norrænnar fullorðinsfræðslu, styrkja lýðræðisþátttöku, persónuþroska, og byggja upp þverfaglegt og þverþjóðlegt samstarf milli menntakerfa, atvinnulífs og frjálsra félagasamtaka. NLL safnar gögnum, ber saman stöðu fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum og vinnur að málaflokkum eins og gæðum og nýsköpun í fullorðinsfræðslu, stafrænni þátttöku í námi, námi á vinnustöðum, náms- og starfsráðgjöf og staðfestingu óformlegs og formlegs náms. Niðurstöður þessarar vinnu eru kynntar í stuttum skýrslum, greinum og viðtölum.

Samtökin eru fjármögnuð af Norrænu ráðherranefndinni.


Hér má finna úmsar upplýsingar um NLL: **[Nordisk Netværk for Livslang Læring - NLL](#)**

Norræna netið um náms- og starfsráðgjöf stuðlar að bættri samhæfingu ráðgjafar á Norðurlöndum, þannig að einstaklingar fái stuðning í tengslum við yfirfærslu milli náms og atvinnulífs. Netið miðlar reynslu og þekkingu milli landa, vinnur að því að efla gæðaeftirlit í ráðgjöf, færniþróun ráðgjafa og svarar spurningum sem varða ævilanga ráðgjöf og starfsfærni. Guðrún Vala er fulltrúi Íslands í norræna ráðgjafanetinu frá árinu 2025. Áherslur ársins voru m.a. að veita upplýsingar um náms- og starfsráðgjöf sem tengist grænum starfsvettvangi og grænum námsleiðum. Einnig að skoða hvernig ráðgjöf getur stutt við græna umbreytingu á Norðurlöndum, með það að markmiði að búa til verkfærakistu með leiðbeiningum um það hvernig í reynd megji veita ráðgjöf sem styður græna umbreytingu.

Hér má lesa meira um ráðgjafanetið: **[Vejledning - NLL](#)**

Epale -Vefgátt fullorðinsfræðslu í Evrópu

EPALE (Electronic Platform for Adult Learning) er vefur fyrir fagaðila í fullorðinsfræðslu, hagsmunaaðila, símenntunarmiðstöðvar og stefnumótunaraðila í Evrópu. Þetta er vefgátt á 32 tungumálum þar sem fagfólk í fullorðinsfræðslu getur bloggað, deilt fréttum og upplýsingum, kynnt viðburði og sótt efni í gagnabanka. Meginmarkmiðið er að efla samskipti fagfólks í fullorðinsfræðslu og styrkja gæði formlegrar og óformlegrar menntunar fullorðinna. Guðrún Vala er “ambassador” EPALÉ á Íslandi og sótti EPALÉ-sendiherrafund sem var haldinn í Aþenu 26.–27. nóvember 2025. Á fundinum var fjallað um hvernig móta megi framtíð fullorðinsfræðslu, undir yfirskriftinni „Co-creating the Future of Adult Learning“. Fyrirlestrar gengu út á hæfni, velvilja og tengsl kennara við fullorðna nemendur, þar sem góðvild og raunveruleg tenging skipta meginmáli. Á vinnustofum var unnið með siðferðislega notkun gervigreindar, skipulag staðbundinna viðburða fyrir EPALÉ-umboðsmenn og markvissa kynningu EPALÉ fyrir ólíka hópa. Þátttakendur mótuðu jafnframt framtíðarsýn fyrir EPALÉ til ársins 2035 og hugmyndir að sameiginlegum vegvísi til að bæta notendaupplifun á vettvangnum.



Sjá vef: [EPALÉ | Electronic Platform for Adult Learning in Europe](https://www.epale.eu/)



Þátttakendur á Epale-fundinum í Aþenu.

Frá framkvæmdastjóra

„Mikilvægt er að hafa leiðir til að meta reynslu og hæfni fólks“

„Ef til er glæpur þá er það að vera ómenntaður“ lét Nóbelskáldið okkar Halldór Laxness hafa eftir sér. Þá má velta fyrir sér hver beri ábyrgð á þeim glæp, er það samfélagið, menntakerfið eða hinn ómenntaði einstaklingur sjálfur? Mér verður oft hugsað til foreldra minna sem hvort um sig voru vel lesin en áttu þess ekki kost að mennta sig. Hann vegna fátæktar og hún vegna tíðarandans sem þá ríkti. Það var þeim báðum og sér í lagi móður minni mikill harmur að fá ekki að menntast. Glæpurinn var ekki þeirra og eiginlega má segja að samfélagið hafi tapað miklu á því að stór hluti þjóðarinnar á þeim tíma hafi ekki menntast. Og hvort sem við erum sammála Laxness eða ekki um glæpinn, þá finnst mér ánægjulegt að vera hluti af því að efla og styðja fræðsluþjónustu fyrir samfélagið á Vesturlandi.

Markhópur Símenntunar er einmitt fólk sem ekki hefur lokið formlegu námi og við leitumst við að skapa tækifæri fyrir þau.

Á árinu 2025 voru verkefnin fjölmörg og lögð var áhersla á trausta og faglega þjónustu, stöðuga framþróun og að nýta verkfærin sem við höfum í framhaldsfræðslunni. Þessi verkfæri eru t.d. náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat, auk mismunandi námsleiða og námskeiða fyrir fullorðin fólk. Mikilvægt er að hafa leiðir til að meta reynslu og hæfni fólks og gera því kleift að sækja sér nám og starfsréttindi í sínu fagi. Þar reynast ráðgjöf og raunfærnimat dýrmæt verkfæri. Á haustönn var tekin skýr ákvörðun um að leggja aukna áherslu á raunfærnimat til þess að nýta úthlutað fjármagn sem best. Við buðum t.d. í fyrsta sinn upp á raunfærnimat til sjúkráliðanáms fyrir starfsfók í aðhlyningu. Það gekk vel og munum við halda því áfram, ekki síst þar sem skortur er á faglærðu starfsfólki í heilbrigðisstétt.



Guðrún Vala Elisdóttir.

Hugmyndir um símenntun og mikilvægi hennar, hafa tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Nú er almennt viðurkennt að námi lýkur ekki við útskrift úr skóla. Í síbreytilegu samfélagi er símenntun nauðsynleg og mikilvægur þáttur í andlegri heilsu og félagslegri virkni. Starfsfólk Símenntunar er meðvitað um þetta og tók virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi til að efla eigin þekkingu og færni. Við höfum unnið að því að styrkja mannauð okkar og fagþekkingu með evrópsku samstarfi, með því að vinna að nýsköpunarverkefnum og nýtt Erasmus+ styrki til námsferða samkvæmt starfsþróunarmarkmiðum okkar. Meðal annars voru styrkir nýttir til námsferða til Noregs vegna tungumálakennslu, til Spánar vegna inngildingar og fjölmennningar og til Portúgals að læra samskiptafærni. Þá tók stofnunin einnig þátt í NLL-ráðgjafanetinu og EPALÉ-ráðstefnu. Þetta nýttist okkur í verkefnum eins og Fjölmenningskólanum og við að koma málþjálfarverkefninu á laggirnar.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki Símenntunar fyrir vel unnin störf og gefandi samstarf, enda er hornsteinn hverrar stofnunar mannauðurinn sem þar er. Jafnframt vil ég þakka stjórn fyrir stuðning og gott samstarf, og öllum þeim sem hafa stutt og eftt starfsemi Símenntunar.

Nemendum, ráðþegum, verktökum og öllum samstarfssaðilum kann ég bestu þakkir og hlakka til áframhaldandi verkefna á komandi árum.

Guðrún Vala Elísdóttir, framkvæmdastjóri Símenntunar á Vesturlandi.





Námskeið fyrir starfsfólk eldhúsa og mötuneyta

Simenntun á Vesturlandi heldur með leiðbeinendum frá Sýni, námskeið fyrir starfsfólk mötuneyta og eldhúsa sem kemur að meðhöndlun matvæla. Áhersla er lögð á hagnýt ráð og aukinn skilning á örverufræði og rétttri meðhöndlun matvæla.

Eftir námskeiðið eiga þátttakendur að vera betur meðvitaðir um helstu hættur við meðferð matvæla og hvernig eigi að fyrirbyggja þær.

Stefnt er að því að halda 3 tíma námskeiðið víða um Vesturland í febrúar.

Nánari upplýsingar veitir Hekla Gunnarsdóttir í síma 437-2393 eða í netfanginu hekla@simenntun.is



**ICELANDIC 2
IN ÓLAFSVÍK**



Starts 20th of January

**Mondays and Thursdays
18:00-20:30**

Klif, Ólafsbraut 71

islenska@simenntun.is
437-2390



**ENSKUNÁMSKEIÐ
Í BÚDARDAL**



Þjálfun í talmáli og orðaforða

Kennsla fer fram á mánudögum
kl. 17:15 - 18:45 í 10 skipti

Hefst 10. febrúar
simenntun@simenntun.is
437-2390

Nýsköpunar- og frumkvöðlasetur
Dalabyggðar, Miðbraut 11




**Taxes and tax return in
Iceland: The basics**



**Wednesday
5th of March
17:15-19:15**

Bjarnabraut 8 -
Borgarnes

3500 kr per person

Registration
hekla@simenntun.is


**SKAPANDI
SKRIF**



með Björgu Árnadóttur

Hnitmiðað, hagnýtt og skemmtilegt

Nokkur dæmi um fjölbreytt framboð námskeiða hjá Simenntun á Vesturlandi.



**Símenntun
á Vesturlandi**